

Sp. 36. Tillaga til þingsályktunar [35. mál]

um afnám vínveitinga á vegum ríkisins.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Karvel Pálmason, Jón Árm. Héðinsson,
Helgi F. Seljan, Oddur Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hætta vínveitingum í veislum sínum.

Greinargerð.

Tillaga þessi er samhljóða tillögu, sem flutt var á síðasta Alþingi. Fylgdi henni þá svofelld greinargerð:

„Stöðugt sigur á ógæfuhlið í áfengismálum Íslendinga. Andspyrna félaga og einstaklinga fær ekki rönd við reist. Opinberar skýrslur sanna almannaróm í þessu efni.

Að dómi flutningsmanna þessarar tillögu er fyllsta ástæða til þess, að ríkisvaldið gefi hér gott fordæmi í stað þess að kynna drykkjusiði við margvísleg tækifæri.“

Þessari tillögu var í fyrra vísað til allsherjarnefndar Sp. Nefndin skilaði ekki álit. Síðan hafa Alþingi borist ályktanir frá félagssamtökum og sveitarfélögum, sem mæla eindregið með samþykkt tillögunnar. Er þetta eftirtektarvert og þá einnig hitt, að engir hafa andmælt tillögunni opinberlega, svo að flutningsmönnum sé kunnugt, hvorki á Alþingi né annars staðar.